

Fimmtudaginn 18. apríl 1991.

Nr. 477/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðlaugu Margréti Jónsdóttur

(Hilinar Ingimundarson hrl.).

Umferðarlög. Bifreiðar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1990 að ósk ákærðu, en jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og sviptingar ökuleyfis.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af öllum kröfum ákærvaldsins.

Vætti vitna í máli þessu veita ekki órækar upplýsingar um atvik að bifreiðaárekstri þeim, sem um ræðir í málinu.

Ákærða hefur staðfastlega haldið því fram, að hún hafi stöðvað bifreið sína, Y-386, þegar hún kom að gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar. Þessari staðhæfingu hennar hefur ekki verið hnekk.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var sýni tekið úr blóði ökumanns bifreiðarinnar R-57478 kl. 21.10. Reyndist alkóhólmagn í blóði hans vera 1,46‰. Áreksturinn varð kl. 19.50. Voru því liðnar 80 mínútur frá árekstrinum, þar til blóðsýni var tekið. Má af því álykta, að áfengismagn í blóði hans hafi verið nokkru meira, þegar áreksturinn varð. Í lögregluskýrslu kemur fram, að öndunarsýni var tekið af ákærða á lögreglustöðinni um kl. 23.40, og sýndi það 4. stig. Ákærði „var þá enn áberandi ölvaður“ og hafði „óstöðugt jafnvægi“. Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á umræddum tíma, sbr. nú 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki, ef vínandamagn í blóði hans nemur 1,20 o/oo eða meira.

Gögn málsins benda eindregið til þess, að ökuhraði R-57478 hafi

verið mjög mikill og meiri en bifreiðarstjórinn vildi gangast við, en við lögreglurannsókn greindi hann frá því, að hraðamælir bifreiðarinnar hefði verið bilaður.

Myrkur var á, rigning og blautt færi. Akstursskilyrði voru því slæm. Ljóst er, að ökumaður R-57478, óhæfur til aksturs vegna ölvunar, ók allt of hratt. Þegar í óefni stefndi, hemlaði hann ekki og brást við með því að beygja til vinstri, í sömu átt og ákærða ók, þannig að áreksturinn varð á vinstri vegarhelmingi R-57478 miðað við akstursstefnu þeirrar bifreiðar. Þessi akstur var í senn háskalegur og ólögmaður. Verður að líta svo á, að sök bifreiðarstjóra R-57478 hafi verið yfirgnæfandi.

Að svo vöxnu máli þykir eigi í refsímáli rétt að hafna þeirri staðhæfingu ákærðu, að hún hafi þrátt fyrir aðgæslu eigi séð til ferða R-57478 í námunda við gatnamótin, þá er hún ók inn á þau. Þykir því bera að sýkna hana af kröfum ákæruvalds í málinu.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 15. október 1990.

Ár 1990, mánudaginn 15. október, er á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð er í Borgartúni 7, Reykjavík, af Helga I. Jónssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 46/1987: Ákæruvaldið gegn Guðlaugu Margréti Jónsdóttur, sem tekið var til dóms 26. september sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 9. nóvember 1987, á hendur ákærðu, „Guðlaugu Margréti Jónsdóttur húsmóður, Holtagerði 45, Kópavogi, fæddri í Reykjavík 7. febrúar 1951, fyrir að aka þriðjudag-

inn 15. október 1985 bifreiðinni Y-386 án nægilegrar aðgæslu suður Urðarbraut í Kópavogi, yfir gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, þar sem stöðvunarskylda er á umferð um Urðarbraut fyrir umferð um Borgarholtsbraut, og í veg fyrir bifreiðina R-57478, sem ekið var vestur Borgarholtsbraut, með þeim afleiðingum, að harður árekstur varð með bifreiðunum.

Við áreksturinn hlaut Blængur Blængsson, Holtagerði 69, Kópavogi, farþegi í hægri framsæti bifreiðarinnar R-57478, beinbrot á hægri gagnauga og blæðingu á bak við hægri hljóðhimnu.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Kl. 19.50 að kvöldi þriðjudagsins 15. október 1985 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um harðan árekstur á gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar þar í bæ. Þarna hafði bifreiðinni R-57478, sem er fólksbifreið af tegundinni Citroën, árgerð 1966, verið ekið vestur Borgarholtsbraut og bifreiðinni Y-386, sem er fólksbifreið af gerðinni Mazda 323, suður Urðarbraut. Stöðvunarskylda er á gatnamótunum, og nýtur Borgarholtsbraut aðalbrautarréttar. Við áreksturinn hafði bifreiðin R-57478 snúið hálfhring á götunni, og sneri framendi hennar í austur. Við hægri framhöggarhorn bifreiðarinnar lá Blængur Blængsson, fæddur 21. nóvember 1966, í götunni. Var hann meðvitundarlítill að sjá, en andaði eðlilega. Hann var bæði sár og blóðugur í andliti og víðar og virtist mjög þjáður. Yfir honum stumraði Gunnar Ægir Guðmundsson, fæddur 21. júlí 1964, sem einnig virtist talsvert þjáður að sjá. Blængur og Gunnar Ægir reyndust hafa verið farþegar í bifreiðinni R-57478. Á staðnum gaf sig fram Kristinn Ólafsson, fæddur 3. janúar 1968, sem kvaðst hafa ekið bifreiðinni R-57478. Var hann áberandi ölvaður að sjá, skorinn á höku og haltraði um.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Kópavogi var myrkur greint sinn, en lýsing á götum góð, rigning var og malbikað yfirborð vegar blautt.

Í þágu rannsóknar málsins lét fyrrnefndur Kristinn í té blóðsýni kl. 21.10 sama kvöld, og samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældist vínandamagn í því 1,46‰.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R-57478 voru þessar: Allur framhluti hennar var mikið dældaður og genginn til, hægri framhurð, hægri afturbretti og yfirbygging dæluð, framrúða brotin, framsæti hafði losnað, og stýrisstöng ásamt stýrishjóli hafði gengið til. Segir í skýrslu Prastar

Hjörleifssonar lögreglumanns, að komið hafi í ljós við athugun á bifreiðinni, að aðalljós hennar séu gul að lit, og er lögreglan hafi komið á vettvang, hafi aðeins stöðuljós hennar, sem einnig séu gul að lit, að framanverðu og á hliðum bifreiðarinnar ofan við afturhurðir logað.

Vagn Gunnarsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina á vettvangi greint kvöld. Við þá skoðun kom í ljós, að hægri hjólbarðar hennar voru slitnir undir leyfilegum mörkum. Engir aðrir gallar fundust við frekari skoðun, en bifreiðin var í óökuhæfu ástandi eftir áreksturinn. Segir í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins, að er hann hafi komið að bifreiðinni, hafi hún verið með fullum ljósum, og hafi aðalljós verið daufgul, stefnuljós hafi verið á hliðum, rauð og hvít, og einnig hafi verið stöðug ljós á þeim. Þá skoðaði bifreiðaeftirlitsmaðurinn bifreiðina einnig síðar að beiðni lögreglu, sérstaklega með tilliti til hemlunarmöguleika. Segir í skýrslu hans þar að lútandi, dagsettri 16. nóvember 1985, að hvalbakur og hemladælu- festingar bifreiðarinnar hafi gengið aftur 6 - 8 tommur. Hafi hemlafetill veitt fast viðnám, 2 tommur frá hvalbak, eins og hann var við skoðun, og læst hjólum, svo að ekki varð snúið með handhafli.

Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðin R-57478 færð til aðalskoðunar 2. apríl 1985, og voru númeraplötur hennar þá teknar af henni vegna lélegs ástands stýrslíða, aurrhlífa, yfirbyggingar, rúðupurrkna, óhæfs ástands bílbelta og þess, að bifreiðin hafði ekki verið ljósastillt. Þá var fundið að ástandi hnakkapúða. Skráningarnúmer bifreiðarinnar voru síðan afhent 16. sama mánaðar, eftir að hún hafði verið skoðuð. Við þá skoðun var fundið að ástandi hemlafetils, útblásturs, hljóðdeyfis og höggdeyfa. Var bifreiðin að lokum færð til endurskoðunar 26. sama mánaðar. Reyndist hún þá í lagi og fékk fulla skoðun. Hafði bifreiðin þá verið ljósastillt til októberloka 1985.

Bifreiðin Y-386 hafði hafnað á austurvegg húss nr. 19 við Borgarholtsbraut, og lá ökumaðurinn, ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, út af í hægra framsæti bifreiðarinnar. Hafði hún fengið talsvert höfuðhögg, en var með fullri meðvitund. Var bifreiðin svo þétt upp við húsvegginn, að færa þurfti til framenda hennar til þess að ná ákærðu út úr henni. Öll vinstri hlið bifreiðarinnar var mikið dælduð og gengin inn, þak hennar var dældað vinstra megin, og hægra frambretti var og dældað. Samkvæmt skýrslu ofangreinds bifreiðaeftirlitsmanns reyndist bifreiðin vera í lagi við skoðun að öðru leyti en því, sem orsakaðist af árekstrinum.

Miðað við, hve bifreiðarnar höfðu skemmst mikið, svo og staðsetningu bifreiðarinnar Y-386 eftir áreksturinn, þótti ljóst, að hraði bifreiðarinnar R-57478 hefði verið mjög mikill.

Ákærðu var hinn 1. október 1986 boðið að ljúka málinu með dómsátt gegn greiðslu hæfilegrar sektar og sviptingu ökuleyfis um hæfilegan tíma

samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 21. apríl sama ár. Ákærða hafnaði því boði að svo stöddu, þar sem hún taldi sig ekki hafa sýnt gáleysi við aksturinn umrætt sinn, með hliðsjón af ofsaakstri Kristins Ólafssonar og ölvunarástandi hans svo og hemlaleysi og ljósleysi bifreiðar hans. Óskaði hún sérstaklega rannsóknar á ljósabúnaði bifreiðar Kristins með hliðsjón af skýrslum lögreglumanna g bifreiðaeftirlitsmanns þar að lútandi á slystað. Þá óskaði hún eftir skýrslutöku af Kristni með tilliti til ástands bifreiðar hans fyrir slysið.

Þann 24. júlí 1987 var ákærðu öðru sinni boðið að ljúka máli þessu með dómsátt með sömu skilyrðum og áður. Ákærða gekk ekki að því boði og taldi víst, að bifreiðin R-57478 hefði verið ljóslaus, er áreksturinn átti sér stað.

Ákærðu var hið þriðja sinn boðið að ljúka málinu með dómsátt til að sleppa við málsókn þann 9. september 1987, en hún hafnaði því að svo stöddu og óskaði eftir frekari rannsókn málsins.

Ákærða kveðst hafa ekið bifreiðinni Y-386 greint sinn suður Urðarbraut á um 20 til 30 kílómetra hraða miðað við klukkustund, og hafi ákærða verið á leið í sund. Hún hafi stöðvað bifreiðina við stöðvunarskyldu á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar. Hafi ákærða stansað þar dágóða stund og litið til beggja hliða eftir Borgarholtsbraut og beðið eftir, að hún tæmdist að bifreiðum. Er sendibifreið, sem hafi verið ekið vestur Borgarholtsbraut og beygt suður Urðarbraut, hafi verið farin, kveðst ákærða enn hafa litið eftir umferð og séð lítil daufgul ljós í fjarska í austri uppi á hæð Borgarholtsbrautar. Hafi ákærða talið, að þarna væri um bifreið að ræða, en að engin hætta gæti stafað af henni sökum fjarlægðarinnar. Hafi ákærða af þeim sökum ekið af stað yfir gatnamótin, löturhægt, og hafi hún verið komin inn á þau mið, er bifreiðinni R-57478 hafi allt í einu verið ekið á bifreið ákærðu. Hafi ákærða heyrt rosalega sprengingu við áreksturinn og næst muna eftir sér, er fólk hafi verið að reyna að færa bifreið ákærðu frá húsi því, sem hún hafnaði við, og ákærðu út úr henni. Kveðst ákærða aldrei hafa séð bifreiðina R-57478, áður en hún lenti á bifreið ákærðu.

Ákærða kveðst hafa athugað það seinna, að þegar staðnæmst er við gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar og litið er í myrkri austur Borgarholtsbraut, sjáist gul götuljós á skiptistöð Strætisvagna Kópavogs, þar sem strætisvagnarnir stansa, og kveðst ákærða í seinni tíð alveg handviss um, að það hafi verið þessi ljós, sem hún hafi séð, en ekki nein billjós. Kveðst ákærða telja, að bifreiðin R-57478 hafi ekki verið með ljósum, er áreksturinn átti sér stað, og þess vegna hafi ákærða ekki séð hana.

Vitnið Kristinn Ólafsson, Fannafold 245, Reykjavík, kveðst hafa ekið bifreiðinni R-57478 vestur Borgarholtsbraut greint sinn, og í bifreiðinni hafi

verið félagar hans, Blængur Blængsson og Gunnar Guðmundsson. Kveðst ákærði hafa verið búinn að neyta áfengis fyrir aksturinn og fundið til áfengisáhrifa við hann. Hafi vitnið ekið bifreiðinni greinda leið með um 60 til 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund og alls ekki verið á neinum ofsahraða. Er vitnið hafi verið að koma að gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar, hafi það orðið vart við bifreiðina Y-386, en eigi fyrr, þar sem tré byrgi þarna sýn. Hafi vitnið ekki orðið vart við, að hún væri stöðvuð á gatnamótunum. Vitnið hafi séð stöðvunarlínuna á Urðarbraut, og hafi bifreiðin ekki verið stöðvuð við hana, heldur ekið löturhægt í veg fyrir bifreið vitnisins. Kveður vitnið, að svo hafi virst sem ökumaður bifreiðarinnar væri að skima eftir umferð. Vitnið kveðst hafa reynt að beygja bifreið sinni til vinstri í því skyni að afstýra árekstri, en ekki hemlað, þar sem það hafi talið, að það bæri ekki árangur. Hafi ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur og bifreið vitnisins lent á vinstri hlið bifreiðarinnar Y-386. Hafi bifreið vitnisins snúist hálfhring og síðan endað öfugt miðað við akstursstefnu. Vitnið kveðst þess fullvisst, að aðalljós bifreiðar þess hafi verið tendruð. Vitnið kveður, að stefnuljós bifreiðarinnar séu á hliðum hennar ofan við afturhurðir. Sé hægt að kveikja á þeim ljósum með því að reka sig í pinna í mælaborði, og logi þau þá án þess að blika. Séu þessi ljós nokkurs konar neyðarljós, t.d., þegar bifreiðinni sé lagt utan vegar. Kveðst vitnið telja, að það hafi rekið sig í þennan pinna.

Vitnið kveðst hafa keypt umrædda bifreið á uppboði hjá tollstjóra á árinu 1985. Hafi hún þá verið í sæmilegu ástandi, en þó hafi nokkrir hlutir þurft lagfæringar við, og m.a. hafi drifskaft hennar verið brotið. Hafi vitnið farið með bifreiðina á verkstæði til Óskars Pálssonar, sem reki bifreiðaverkstæði í Hafnarfirði. Er búíð hafi verið að lagfæra þá hluti, sem þörfnuðust lagfæringar, hafi vitnið farið með bifreiðina í skoðun til Bifreiðaeftirlits ríkisins. Hafi vitnið sama dag og það færði bifreiðina til skoðunar farið með hana í ljósaskoðun. Vitnið kveður hemla bifreiðarinnar hafa verið í góðu lagi, er vitnið keypti hana. Hafi bifreiðin því verið í mjög góðu ástandi fyrir greint slys.

Vitnið Gunnar Ægir Guðmundsson, Blikanesi 10, Garðakaupstað, kveðst hafa verið farþegi í aftursæti bifreiðarinnar R-57478 greint sinn. Vitnið kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, og hafi það setið fyrir miðju í aftursætinu og því getað fylgst vel með umferðinni. Hafi bifreiðinni verið ekið vestur Borgarholtsbraut. Kveðst vitnið ekki geta sagt neitt til um ökuhraðann, en telur, að hann hafi verið 60-70 kílómetrar miðað við klukkustund. Vitnið kveðst ekki geta borið um, hvort ljós bifreiðarinnar hafi verið tendruð umrætt sinn. Vitnið kveðst hafa veitt bifreiðinni Y-386 athygli rétt fyrir áreksturinn. Hafi henni verið ekið suður Urðarbraut og vitnið séð hana, er hún hafi verið komin á móts við stöðvunarskyldumerkið þar. Hafi

bifreiðin verið á ferð, er vitnið hafi séð hana fyrst. Hafi bifreiðinni verið ekið örlítið áfram út á gatnamótin, þar sem hægt hafi verið mjög á ferðinni. Hafi ákærða verið að horfa til vesturs og Kristinn Ólafsson ætlað að aka bifreið sinni fram hjá bifreið ákærðu, en í þann mund hafi ákærða ekið bifreið sinni áfram og árekstri ekki orðið afstýrt.

Vitnið Blængur Blængsson, Holtagerði 69, Kópavogi, kveðst ekkert muna eftir umræddum atburði, en vitnið hafi verið farþegi í hægra framseti bifreiðarinnar R-57478. Kveðst vitnið hafa misst meðvitund við áreksturinn og muna síðast eftir sér á heimili fyrrnefnds Gunnars Ægis. Hafi vitnið komið til meðvitundar, er það var komið á Borgarspítalann. Vitnið kveðst hafa misst um 20% heyrn á hægra eyra við slysið. Þá hafi vitnið verið undir læknishendi veturinn 1988 - 1989 vegna þráláts verks í og ofan við eyrað, og að auki fengi það höfuðverkjaköst. Álíti læknir vitnisins, að æð fyrir ofan eyrað hafi laskast svo illa, að rekja megí verkinn til hennar.

Vitnið Jódís Birgisdóttir, Hófgerði 18 A, Kópavogi, kveðst hafa ekið bifreið sinni, Y-315, suður Urðarbraut umrætt kvöld. Hafi vitnið stöðvað bifreið sína á gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar. Hafi vitnið beðið þarna á gatnamótunum eftir umferð um Borgarholtsbraut, en bifreið hafi verið ekið vestur þá götu og vitnið ætlað að bíða eftir, að hún færi fram hjá. Hafi þeirri bifreið síðan verið ekið inn á gatnamótin og vitninu fundist, að ökumaður hennar væri byrjaður að beygja henni suður Urðarbraut, er bifreið hafi komið úr gagnstæðri átt og árekstur orðið með bifreiðunum. Hafi vitnið séð, að bifreiðin R-57478 snerist í hálfhring, og hafi maður kastast út úr henni og hafnað á malbikinu. Hafi vitninu virst bifreiðinni Y-386 ekið áfram og hún stöðvuð uppi á gangstétt við hús nr. 19. Vitnið telur, að bifreiðinni R-57478 hafi verið ekið á venjulegum umferðarharða, a.m.k. hafi vitnið ekki talið neitt athugavert við hraðann. Vitnið kveðst vissu um, að aðalljós bifreiðarinnar hafi verið tendruð. Hafi vitnið verið að bíða eftir bifreiðinni og séð hana vel. Vitnið kveður enga bifreið hafa verið fyrir framan bifreið sína, er vitnið kom að gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar. Kveðst vitnið ekki átta sig á því, hvaðan bifreiðin Y-386 kom.

Vitnið Ragnhildur Vilhjálmisdóttir, Hófgerði 18 A, Kópavogi, var farþegi í framsæti bifreiðarinnar Y-315 greint sinn. Hafi bifreiðinni verið ekið suður Urðarbraut með fyrirhugaða akstursstefnu austur Borgarholtsbraut. Vitnið kveður, að bifreiðin hafi verið stöðvuð á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar vegna umferðar austur og vestur Borgarholtsbraut. Hafi engin bifreið verið fyrir framan bifreið þá, sem vitnið var í, á gatnamótunum. Vitnið kveðst ekki hafa veitt athygli bifreiðinni Y-386, sem á að hafa verið ekið á undan bifreið þeirri, sem vitið var í. Kveðst vitnið

hafa séð bifreið koma vestur Borgarholtsbraut. Hafi þetta verið lítil bifreið, og muni vitnið eftir því, að hún hafi verið með ljósin tendruð. Þá hafi bifreið einnig verið á leið austur Borgarholtsbraut. Vitnið kveðst ekki gera sér grein fyrir hraða bifreiðarinnar, þeirrar er ekið var vestur Borgarholtsbraut, og það ekki séð neitt athugavert við akstur hennar. Skyndilega hafi orðið árekstur á gatnamótunum. Hafi komið leiftur og hvellur og maður kastast út úr bifreiðinni R-57478. Þá hafi bifreiðin snúist í hálfhring við áreksturinn.

Vitnið Vagn Gunnarsson, bifreiðaeftirlitsmaður og bifvélavirki að mennt, kveðst hafa skoðað það, sem unnt var að skoða í umræddum bifreiðum á vettvangi, en þær hafi verið mikið skemmdar. Kveður vitnið, að er það hafi komið á vettvang, hafi öll ljós verið tendruð á bifreiðinni R-57478, þ.m.t. aðalljós. Hafi vitnið sest inn í bifreiðina, kannað ljósabúnaðinn og slökkt á öllum ljósum bifreiðarinnar. Ekki hafi þó verið unnt að slökkva á stefnuljósum hennar, en þau séu á hliðum hennar fyrir ofan afturhurðir. Hafi stefnuljósin ekki blikað, eins og þau eigi að gera, heldur hafi verið stöðug ljós á þeim. Vitnið kveðst að beiðni lögreglu hafa skoðað bifreiðina öðru sinni 16. nóvember 1985, sérstaklega með tilliti til hemlunarmöguleika hennar. Hafi hemlakerfi bifreiðarinnar verið heilt og verkað eðlilega, og samkvæmt því hafi vitnið talið, að það hafi verið í góðu ástandi, er bifreiðin lenti í nefndum árekstri.

Vitnið kveður, að misskilnings gæti í frumskýrslu lögreglunnar um stöðu ljósa á bifreiðinni R-57478. Kveður vitnið, að aðalljós og stöðuljós bifreiðarinnar séu í sama húsi. Séu perur aðalljósa gular, en hvítar í stöðuljósum, en glerið sé glært. Stefnuljós og/eða sýbliksljós bifreiðarinnar séu hins vegar fyrir ofan afturhurðir bifreiðarinnar.

Vitnið Óskar Pálsson bifvélavirki, Krókahrauni 8, Hafnarfirði, kveðst hafa yfirfarið bifreiðina R-57478 á verkstæði sínu í apríl 1985 að beiðni eigandans, Kristins Ólafssonar, til þess að koma henni í skoðunarhæft ástand. Hafi vitnið lagfært ýmislegt smálegt eins og að skipta um platinur, laga stýrisenda og setja í bílbelti. Hafi vitnið ekki þurft að lagfæra hemlakerfi bifreiðarinnar. Vitnið kveðst sjálft hafa farið með bifreiðina í skoðun. Minnst vitnið þess ekki, að sett hafi verið út á ástand bifreiðarinnar, enda hafi hún fengið fulla skoðun.

Vitnið Eysteinn Marvínsson, Hraunbraut 47, Kópavogi, kveðst hafa verið samskipa Kristni Ólafssyni í Menntaskólanum í Kópavogi. Kveður vitnið, að mikið hafi verið rætt um slys það, sem mál þetta snýst um, í skólanum. Hafi Kristinn verið búinn að tala um það, annaðhvort fyrir eða eftir slysið, að bifreið sín væri hemlalítill eða hemlalaus. Kveðst vitnið hafa heyrt á tal Kristins við félagana sína um framangreint. Hafi ekki farið á milli mála, að um var að ræða bifreið þá, sem lenti í slysinu.

Vitnið Þröstur Elvar Hjörleifsson lögreglumaður samdi skýrslu lögreglu

um fyrstu afskipi hennar af máli þessu. Vitnið kveður, að er það hafi komið á vettvang, hafi slasaður maður legið í götunni. Annar maður hafi haltrað um og verið blóðugur. Hafi þar verið um ökumann Citroën-bifreiðarinnar að ræða, og hafi hann verið áberandi ölvaður. Hin bifreiðin hafi verið svo fast upp við húsvegg, að þurft hafi að færa hana frá til þess að ná ákærðu út úr henni. Vitnið kveðst ekki treysta sér til þess að fullyrða, hvort aðalljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð, er það hafi komið á vettvang. Hins vegar hafi stöðuljósinn verið kveikt. Séu þau á hliðum bifreiðarinnar og gul að lit. Engin hemlunarvegalengd hafi mælst á götunni eftir bifreiðina R-57478. Þá hafi heldur engin hjólför verið í götunni eftir bifreiðina Y-386. Kveðst vitnið því telja, að bifreiðin Y-386 hafi tekist á loft og kastast yfir á húsvegginn, og hafi ökuhraði bifreiðarinnar R-57478 orðið að vera mikill, til þess að slíkt hafi getað gerst. Vitnið telur, að áreksturinn hafi orðið á miðjum gatnamótunum. Vitnið kveðst hafa tekið skýrslu af ákærðu á Borgarspítalanum og hún þá sagt, að hún hefði ekki séð Citroën-bifreiðina, en hins vegar hefði hún séð gul ljós.

Vitnið Svanhvit Eygló Ingólfssdóttir lögreglumaður fór á vettvang greint sinn. Vitnið kveðst strax hafa farið að hlynna að hinum slösuðu, en eftir það hafi vitnið aðstoðað við rannsókn á vettvangi. Vitnið kveðst ekki muna, hvort aðalljós Citroën-bifreiðarinnar hafi verið tendruð, er vitnið kom á vettvang.

Valdimar Jónsson yfirlögregluþjónn kom á vettvang, eftir að hinir slösuðu höfðu verið fluttir burt. Kveðst vitnið ekki muna eftir því, hvort aðalljós hafi verið tendruð á Citroën-bifreiðinni, er vitnið hafi borið þarna að. Kveður vitnið, að af ummerkjum á vettvangi dragi það þá ályktun, að áreksturinn hafi orðið á miðjum gatnamótunum.

Guðmundur Ingi Ingason lögreglumaður gerði vettvangsuppdrátt lögreglu vegna umrædds áreksturs. Vitnið telur, að áreksturinn hafi orðið á miðjum gatnamótunum. Kveður vitnið, að geysilegan kraft þurfi til þess að kasta Mazda-bifreiðinni, eins og vitnið kveður raun hafa borið vitni, án þess að vitnið vildi nokkuð segja um hraða Citroën-bifreiðarinnar. Vitnið kveðst muna eftir því, að er það hafi komið á vettvang, hafi aðeins hliðarljós Citroën-bifreiðarinnar verið tendruð. Vitnið kveður, að myrkur hafi verið greint sinn, slæmt skyggni og yfirborð vegarins blautt.

Í vottorði Kristins Guðmundssonar lækni, dagsettu 10. mars 1986, segir, að fyrrnefndur Blængur Blængsson hafi komið á slysadeild Borgarspítalans kl. 20.00 umrætt kvöld. Hafi hann virst ölvaður. Hann hafi kvartað um ógleði og kastað upp. Blætt hafi úr mörgum smásárum á handleggjum, mjóbaki og höfði. Væg eymsli hafi verið í kvið. Meðvitund hafi virst aðeins minnkuð. Augnskoðun hafi verið eðlileg, en blæðing virst bak við hægri hljóðhimnu. Röntgenmynd af höfði hafi sýnt brot í hægri gagnauga. Hafi

sjúklingur komið í eftirlit 27.11. 1985 og þá sagst fá stöku svima við einstaka hreyfingar, en ekki hafa önnur óþægindi frá höfði. Hann hafi samt heyrt verr með hægra eyra en áður, og hafi suð verið í því. Sjúklingur hafi farið til háls-, nef- og eyrnalækna, og hafi verið talið, að þetta væri e.t.v. varanlegt.

Niðurstaða.

Ákærða hefur borið, að hún hafi stöðvað bifreið sína, Y-386, á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, en ákærða ók bifreiðinni suður Urðarbraut. Ákærða kveðst síðan hafa ekið löturhægt inn á gatnamótin. Hafi hún séð gul ljós í fjarska í vestri, en ekki orðið vör við bifreiðina R-57478, fyrr en áreksturinn varð. Telur ákærða, að ljós hennar hafi ekki verið tendruð, og sé það skýringin á því, að ákærða hafi ekki séð hana. Vitnið Kristinn Ólafsson fullyrðir, að það hafi ekið bifreiðinni R-57478 vestur Borgarholtsbraut greint sinn með fullum ljósum. Kveður vitnið, að ákærða hafi eigi stöðvað bifreið sína við stöðvunarskylduna, heldur ekið henni á hægri ferð áleiðis yfir gatnamótin. Hafi vitnið, sem hafi ekið bifreið sinni með 60-70 kílómetra hraða og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, reynt að afstýra árekstri með því að sveigja bifreið sinni til vinstri, en ekki tekist að koma í veg fyrir áreksturinn, sem hafi orðið á miðjum gatnamótunum.

Vitnið Gunnar Ægir Guðmundsson, sem var farþegi í bifreiðinni R-57478, kveðst ekkert geta sagt til um ökuhraða hennar, en telur, að hann hafi verið 60-70 kílómetrar miðað við klukkustund. Kveðst vitnið hafa veitt bifreiðinni Y-386 athygli rétt fyrir áreksturinn, þar sem henni hafi verið ekið suður Urðarbraut. Hafi bifreiðinni verið ekið örlítið áfram út á gatnamótin, þar sem hægt hafi verið mjög á ferð hennar. Hafi ökuumaður bifreiðarinnar verið að horfa í vestur og Kristinn Ólafsson ætlað að aka bifreið sinni fram hjá fyrrgreindri bifreið, en í þann mund hafi bifreiðinni Y-386 verið ekið áfram og árekstri ekki orðið afstýrt. Vitnið kveðst ekkert geta sagt til um, hvort ökuljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð greint sinn.

Vitnið Jódís Birgisdóttir hefur fullyrt fyrir dómi, að ljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð umrætt sinn. Þá hefur vitnið Ragnhildur Vilhjálmisdóttir borið á sama veg um það atriði.

Vitnið Vagn Gunnarsson bifreiðaeftirlitsmaður, sem skoðaði bifreiðina R-57478 á vettvangi eftir áreksturinn, hefur í skýrslum sínum greint frá því, að öll ljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð við skoðun á vettvangi, þ.m.t. aðalljós. Þá hafi hemlakerfi hennar verið heilt og verkað eðlilega.

Vitnið Þröstur Elvar Hjörleifsson lögreglumaður hefur fyrir dómi ekki

treyst sér til að fullyrða, hvort aðalljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð, er það kom á vettvang, en vitnið hefur í frumskýrslu sinni um málið greint frá því, að svo hafi ekki verið.

Vitnið Guðmundur Ingi Ingason lögreglumaður hefur á hinu bóginn skýrt frá því, að það muni eftir því, að er vitnið hafi komið á vettvang, hafi aðeins hliðarljós bifreiðarinnar R-57478 verið tendruð.

Pegar virtur er framburður vitnanna Kristins Ólafssonar, Jódísar Birgisdóttur og Ragnhildar Villhjálmisdóttur og höfð er hliðsjón af framburði Vagns Gunnarssonar bifreiðaeftirlitsmanns um stöðu ökuljósa bifreiðarinnar R-57478 við skoðun á vettvangi eftir slysið, þykir verða að leggja til grundvallar í málinu, að aðalljós greindrar bifreiðar hafi verið tendruð, er henni var ekið vestur Borgarholtsbraut umrætt sinn. Verður að telja með vísan til framanskráðs og að öðru leyti til framburðar vitnanna Kristins Ólafssonar og Gunnars Ægis Guðmundssonar um aksturslag ákærðu, að ákærða hafi ekið bifreiðinni Y-386 inn á gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, en umferð um Urðarbraut vikur fyrir umferð um Borgarholtsbraut, þar sem stöðvunarskylda er á Urðarbraut gagnvart umferð um Borgarholtsbraut, án nægilegrar aðgæslu og þannig átt meginsök á því, að árekstur varð með bifreið ákærðu og bifreiðinni R-57478. Þykir ákærða hafa með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, en dæma ber um refsinsæmi verknaðar eftir nýrri lögunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Vegna afleiðinga árekstrarins verður brot ákærðu einnig talið varða við 219. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún eigi fyrr sætt refsingu af neinu tagi.

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, en dæma ber um refsinguna eftir yngri lögunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi 8 daga.

Ökuréttindasvipting.

Eigi þykja alveg nægjanleg efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins

um ökuréttindasviptingu ákærðu, og þykir bera að sýkna ákærðu af henni.

Sakarkostnaður.

Ákærða verður dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

Mál þetta var dæmt í sakadómi Kópavogs með dómi, uppkveðnum 16. ágúst 1989. Ákærða áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar Íslands, sem ómerkti málsmeðferð í héraði frá og með þinghaldi 19. maí 1989 af þeim ástæðum, sem greindar eru í hæstaréttarmálinu nr. 437/1989. Bæjarfógetinn í Kópavogi vék síðan sæti í málinu með úrskurði 28. ágúst sl., og fékk dómariinn mál þetta til meðferðar með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 12. september sl.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 8 daga.

Ákærða er sýknuð af kröfu ákæruvaldsins um ökuréttindasviptingu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.